

Verkefnastyrkir NORA

Styrkveitingar NORA í nóvember 2025

Á haustfundi Norræna Atlantssamstarfsins, NORA, sem haldinn var 27. nóvember 2025 í Kaupmannahöfn, var samþykkt að styrkja tólf samstarfsverkefni í seinni úthlutun ársins 2025. Íslendingar taka þátt í tíu af þeim tólf verkefnum sem hljóta styrk og leiða fjögur verkefnanna. Heildarupphæð styrkjanna er tæplega 3 milljónir danskra króna. Líkt og við fyrri úthlutun ársins þá er helmingur styrkveitinga til framhaldsverkefna eða til sex af tólf. Alls bárust 27 umsóknir að þessu sinni.

Verkefnin sem hlutu styrk eru eftirfarandi:

Biobaseret innovation: Framhaldsverkefni sem nú fær útlutað í annað sinn. Verkefnið miðar að því að þróa sjálfbærar vörur sem byggja á lífefnum af landi og úr sjó s.s. þangi og ull. Áætlaðar eru þrjár vinnustofur til að styðja sprotafyrirtæki við að rannsaka og þróa nýjar virðiskeðjur í lífhagkerfi og hringrásarkerfi. Markmiðið að draga úr loftslagsáhrifum og notkun á plasti og virkja aðrar ónýttar og endurnýtanlegar lífrænar auðlindir eins og ull og stórpörunga. Íslenskur þátttakandi er KLAKE Icelandic Startups. Styrkur: 300.000 DKK.

Landbrugssamarbejde: Úthlutunin nú er sú þriðja og síðasta til þessa framhaldsverkefnis sem leggur áherslu á samvinnu og tengsl landbúnaðar og náttúruverndar. Markmið að efla þekkingar- og samstarfsnet með áherslu á sjálfbæran landbúnað, staðbundna menningu og hefðir. Verkefninu er ætlað að virkja bændur til þátttöku í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og minnkandi líffræðilegri fjölbreytni. Verkefnið byggir á HNV (High Value Farming) sem er ESB verkefni með álíka markmið. Íslenskir þátttakendur eru Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem leiðir verkefnið og Vatnajökulspjóðgarður. Styrkur: 250.000 DKK.

Havkajaksturisme: Framhaldsverkefni að fá styrk í annað sinn. Markmið samstarfsins er að varðveita, þróa og miðla þekkingu og færni í kajaksiglingum. Mennta kajakleiðsögumenn og leiðbeinendur með alþjóðlega viðurkenndri vottun. Nú hefur bæst við íslensk þátttaka, Sea Kayak Iceland. Styrkur: 400.000 DKK.

Green Education for Empowering Communities: Framhaldsverkefni að fá útlutað í annað sinn. Verkefnið hefur það að markmiði að efla smá norræn samfélög með sérsniðinni starfsmenntun og þjálfun á sviði sjálfbærrar ferðaþjónustu og hringrásarhagkerfis. Styðja á sjálfbæran vöxt, þar á meðal atvinnuþátttöku, ábyrga auðlindastjórnun og nýskapandi framboð menntunar fyrir fagfólk framtíðarinnar á sviði ferðaþjónustu. Íslenskir þátttakendur eru Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og EMZ ehf. Styrkur: 300.000 DKK.

ICE Arctic Youth Community: Nú er útlutað í þriðja sinn til þessa framhaldsverkefnis sem ætlað er að efla samstarf ungs fólks á NORA svæðinu. Fókus er á frumkvöðla, menningarleg og félagsleg samskipti og að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að deila reynslu, efla þekkingu og auka hæfni. Íslenskur þátttakandi er Vikonnekt. Styrkur: 400.000 DKK.

HEIA! Lokalsamfunnsutvikling: Framhaldsverkefni að fá aðra útlutun. Verkefnið felur í sér samstarf tveggja byggðarlaga í Noregi og Færeyjum með það að markmiði að þróa sjálfbæra ferðaþjónustu sem ætlað er að skapa fleiri störf, auka tekjur á svæðinu og bæta lífsgæði íbúa. Vonast er til að verkefnið leiði til þess að svæðin verði meira aðlaðandi til búsetu, sérstaklega fyrir ungt fólk. Styrkur 200.000 DKK.



Arctic Young Chef: Nýtt verkefni sem byggir á grunni áhersluverkefnis NORA undir sama heiti. Markmið að efla samstarf og styrkja tengslanet milli ungs fagfólks, menntastofnana og fyrirtækja. Einnig að efla efnahagsvöxt og atvinnu ungs fólks: bjóða upp á leiðsögn, sýnileika og alþjóðlega reynslu sem hægt er að nýta í atvinnusköpun og frumkvöðlastarfsemi. Ætlunin er að styrkja svæðisbundna sjálfsmynd svæða, sérstaka matarafleið og notkun staðbundinna afurða til að efla matarferðapjónustu og stolt af heimabyggð. Stuðla að sjálfbærri framtíð. Íslenskur þátttakandi sem leiðir verkefnið er Menntaskólinn í Kópavogi. Styrkur 500.000 DKK.

Lokal forsyningssikkerhed: Verkefnið miðar að því að bæta fæðuöryggi með því að byggja á staðbundnum styrkleikum, þar á meðal matvælum sem eru framleidd á staðnum, möguleikum til aukinnar matvælaframleiðslu og nýtingar hefðbundinnar menningar og þekkingar á matvælum og mataræði. Íslenskir þátttakendur eru Beislun ehf. sem leiðir verkefnið og Austurbrú. Styrkur 250.000 DKK.

Love it to Death: Vaxandi ferðapjónusta hefur bæði skapað tækifæri og áskoranir, enda verið ört vaxandi atvinnugrein. Markmið verkefnisins er að framkvæma forathugun á kanadíska verkefninu „Don't Love it Till Death“ og meta hvaða þætti þess sé hægt að yfirfæra og hvort mögulegt sé að hrinda af stað álíka aðalverkefni í Noregi, á Íslandi og Norðurlöndum í heild. Íslenskur þátttakandi er Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Styrkur: 95.000 DKK.

Mapping Northern Futures: Áherslur verkefnisins felast í að virkja þátttöku íbúa og draga fram og skapa þá framtíðarsýn sem þeir sjálfir vilja búa við. Markmiðið er að samtvinnna ímyndunarafl og framkvæmd og hjálpa íbúum við að umbreyta hugmyndum um framtíðina í áþreifanleg skref í nútíð. Verkefnið mun tengja saman samfélög sem búa við álíka áskoranir og efla samstarf safna, skóla og stofnana. Íslenskir þátttakendur eru Framtíðarsetur og Openspaces. Styrkur 190.000 DKK.

Arvinnov: Verkefnið mun leggja áherslu á þá nýsköpun sem getur orðið þegar ungt fólk og eldra fólk kemur saman í nýskapandi ferli. Í verkefninu stendur til að beita nýsköpunaraðferðum sem fela í sér að virkja eldri borgara til þátttöku og aðlaga verkfæri á borð við nýsköpunarhraðla og hakkapon að reynslu þeirra og vinnuhraða. Með því að draga fram og byggja á undirliggjandi þekkingu og færni og nýta hana til að efla efnahagslegt og félagslegt virði. Stuðla á að varðveislu verðmætrar menningararfleiðar sem annars er í hættu á að glatist. Íslenskur þátttakandi sem leiðir verkefnið er Hraðið – Húsavík. Styrkur 40.000 DKK.

Stedbaseret kraft: Fyrsti áfangi verkefnisins felur í sér að koma á samstarfi við að þróa og skipuleggja uppbyggingu og starfsemi menningarstofnana á þremur UNESCO stöðum. Í öðrum áfanga stendur til að efla og styrkja samstarfsnet og listamannadvalarstaði í Noregi, Grænlandi og Quebec. Byrjað verður með áherslu á myndlist en einnig eru áform um sviðslistir. Skilgreina á sameiginlega stefnu varðandi stjórnun og sjálfbærni með markmið um uppbyggingu til framtíðar. Styrkur: 60.000 DKK.



Styrkveitingar NORA í maí 2025

Á vörfundum Norræna Atlantssamstarfsins, NORA, sem haldinn var 22. maí 2025 í Þórshöfn í Færeyjum, var samþykkt að styrkja tíu samstarfsverkefni í fyrri úthlutun ársins 2025. Íslendingar taka þátt í níu af þeim tíu verkefnum sem hljóta styrk og leiða tvö verkefnanna. Heildarupphæð styrkjanna er rétt ríflega 2,6 milljónir danskra króna. Helmingur styrkveitinga er til framhalds-verkefna eða fimm af tíu. Alls bárust 27 umsóknir að þessu sinni.

Verkefnin sem hlutu styrk eru eftirfarandi:

Rødtang: Framhaldsverkefni sem fær nú úthlutað í þriðja sinn. Markmið að bæta uppskeruaðferðir og koma á nýjum og endurbættum ræktunaraðferðum á söli, *Palmaria Palmatam*, með tilliti til landfræðilegra aðstæðna í hverju landi. Íslenskir þátttakendur eru: RORUM ehf, Hyndla og Fine Food Islandica. Styrkur: 250.000 DKK.

Græsning og lokalmat: Markmið þessa framhaldsverkefnis sem fær nú úthlutað í þriðja sinn er að styrkja stoðir staðbundinnar matvælaframleiðslu á norðurslóðum. Efla vitund bænda um sjálfbæra þróun hráefnis með skýran uppruna og trúverðuga sögu. Finna á lausnir sem hámarka nýtingu grastegunda auk þess að kynna aðrar staðbundnar uppsprettur og áburð, til dæmis frá fiskeldi. Búfjárrækt og framleiðsla afurða verði að sýna fram á að varan sé sjálfbær og staðbundin framleiðsla óháð innfluttum vörum svo sem frekast er unnt. Íslenskur þátttakandi er Háskólinn á Hólum. Styrkur: 250.000 DKK.

Lokale turismestrategier: Verkefnið miðar að því að þjálfa upp stjórnendur á þremur litlum áfangastöðum, í Færeyjum, Noregi og á Íslandi, í gerð áætlana og efla færni til að meta stefnur fyrir staðbundna þróun ferðaþjónustu. Nota á staðfærðan matsramma *Place-based Strategy Evaluation Framework* sem var próaður í Orkneyjum í Skotlandi. Íslenskur þátttakandi leiðir verkefnið, það er Rannsóknamiðstöð ferðamála (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir) auk þess sem Háskólinn á Hólum tekur þátt. Styrkur: 400.000 DKK.

Energi Resilience in the North: Efla á samstarf á milli Arctic Cluster Team (ACT) og Iceland Renewable Energy Cluster (IREC) til að kortleggja tækifæri og próa samstarf með áherslu á endurheimt orku, orkuöryggi, öflug og sveigjanleg orkukerfi og orkugeymslu. Markmið verkefnis er að skapa traustan grunn til að deila þekkingu, nýsköpun og fjárfestingu í sjálfbærum orkulausnum á Norður-Atlantshafssvæðinu. Íslenskur þátttakandi er Orkuklasinn. Styrkur: 200.000 DKK.

Forretningsengle: Framhaldsverkefni sem fær nú úthlutað í þriðja sinn. Tilgangurinn er að efla vistkerfi fjárfestinga á öllu NORA svæðinu. Í dreifbýli NORA svæðisins er ekki rík hefð fyrir því að einkafjárfestar taki þátt í verkefnum á fyrstu stigum en með þjálfun og tengslamyndun þvert á landamæri miðar verkefnið að því að virkja fólk til að gerast fjárfestar snemma eða svokallaðir viðskiptaenglar. Íslenskur þátttakandi er Navigo slf. Styrkur: 300.000 DKK.

Arctic Frontiers Student Forum: Framhaldsverkefni sem er að fá styrk í annað sinn. Markmið að halda áfram samstarfi Arctic Frontiers, Háskólans á Hólum, Háskólans í Grænlandi og Háskólans í Færeyjum í kringum nemendaráðstefnu Arctic Frontiers Student Forum (AFSF). Nemendaráðstefnan AFSF fer fram samhliða Arctic Frontiers ráðstefnunni sem setur mark sitt á þróun sjálfbærra, þrautseigra og blómlegra samfélaga á norðurslóðum. Verkefnið gerir ungu fólk kleift að hittast og taka þátt í samræðum m.a. um græn umskipti og bláa hagkerfið. Það mun efla námsupplifun utan kennslustofunnar, auka færni og tengslamynun og styrkja heimabyggðir þeirra á jaðarsvæðum. Íslenskur þátttakandi er Háskólinn á Hólum. Styrkur: 236.409 DKK.



Coworking for bygdeliv: Framhaldsverkefni að fá styrk í annað sinn. Verkefnið snýst um það hvernig hægt er að fjölga íbúum fámennra byggðalaga. Með neti vinnustaðaklasa eða samfélagsmiðstöðva er vonast til að skapa aðdráttarafl til að laða að ungt fólk, ekki aðeins í stuttan tíma. Samstarfið miðar að því að deila reynslu og þekkingu á hvernig megi auka aðdráttarafl staðanna og samfélagsmiðstöðvanna svo að fólk velji að setjast að þannig að samfélögin geti á ný orðið lífvænleg og öflug samfélög. Íslenskur þátttakandi er Blábankinn á Þingeyri. Styrkur: 489.000 DKK.

Arctic Innovators Network: Nýsköpunarfyrirtæki á norðurslóðum standa frammi fyrir áskorunum vegna landfræðilegra, umhverfislegra og félags- og efnahagslegra aðstæðna. Tengslamyndun og þekkingarmiðlun eru meginmarkmið verkefnisins til að efla nýsköpunarfyrirtæki innan ferðaþjónustu, orku og hringrásarhagkerfisins á norðurslóðum. Verkefnið mun gera frumkvöðlum frá Íslandi, Færeyjum og Orkneyjum kleift að sækja tvo viðburði fyrir nýsköpunarfyrirtæki á svæðinu: Nýsköpunarviku Íslands í Reykjavík og Tónik í Þórshöfn. Íslenskur þátttakandi sem leiðir verkefnið er Melkorka Magnúsdóttir v/Iceland Innovation Week (Nýsköpunarvikan). Styrkur: 100.000 DKK.

Arktisk borgmesterforum: Markmið verkefnis er styrkja fulltrúa og getu Norðurslóðaborgarstjóráðsins, Arktisk Borgmesterforum, á NORA svæðinu. Verkefnið stuðlar að samstarfi þvert á landamæri svo sveitarfélög á norðurslóðum geti tekist á við sameiginlegar áskoranir með lausnum sem byggja á staðbundnum úrræðum. Forgangsraða á valdeflingu ungmenna, geðheilsu og seiglu samfélaga með áherslu á svæðisbundna styrkleika. Íslenskur þátttakandi er Akureyrarkaupstaður. Styrkur: 200.000 DKK.

Arktisk studentforum Abroad Greenland: Markmið verkefnisins er að ná saman hagsmunaaðilum á staðnum og nemendum frá Noregi og Grænlandi á þrískiptan viðburð í Nuuk í júlí og ágúst 2025, í tengslum við komu skipsins Statsraad Lehmkuhl. AF Abroad Greenland mun halda vinnustofu um þekkingu frumbyggja og samvinnu við samfélög, sem og tvær málstofur: eina um samstarf á staðnum á norðurslóðum og í Norður-Atlantshafi og aðra um sameiginlegar áskoranir Noregs og Grænlands, svo sem ferðaþjónustu. Styrkur: 187.720 DKK.